

Alþingi
Mál nr. P 136/1532
Mudagur 7.4.2009

SFF SAMTÖKFIJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Allsherjarnefnd Alþingis,
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara,
Nefndasvið,
150 Reykjavík.

7. apríl 2009

Varðar: Frumvarp til breytinga á skaðabótalögum (465. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vilja koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til breytinga á skaðabótalögum sem birt hefur verið á heimasíðu Alþingis (465. mál, þingskjal 888). Samkvæmt frumvarpinu eru lagt til að bætt verði við skaðabótalög nýrri grein, 23. gr. a, þess efnis að réttur starfsmanns, sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu, til skaðabóta skuli ekki skerðast vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Sama regla gildir samkvæmt frumvarpinu um rétt þeirra sem misst hafa framfæranda, ef starfsmaður deyr af völdum tjónsatburðar.

Sérstaklega skal tekið fram að SFF hafa ekki athugasemdir við hugmyndina að baki frumvarpinu, þ.e. að tryggja betur stöðu starfsmanna sem verða fyrir líkamstjóni við vinnu sína. Samtökin gera hins vegar athugasemdir við málsmeðferð allsherjarnefndar Alþingis. Það var fyrir tilviljun sem SFF fréttu af fyrirhugaðri framlagningu frumvarpsins við lestur dagskrár allsherjarnefndar Alþingis á heimasíðu þingsins. Þær upplýsingar fengust hjá ritara allsherjarnefndar að ekki stæði til að senda frumvarpið út til umsagnar. SFF telja rétt að þetta frumvarp fari í venjulegan feril eins og önnur lagafrumvörp. Frumvarpið var samið í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar, dags. 17. febrúar 2008, um breytingu á skaðabótalögum, en sú yfirlýsing tengdist kröfu ASÍ í tengslum við gerð kjarasamninga. Eðlilegt hefði verið að gefa hagsmunasamtökum kost á því að koma að undirbúningi frumvarpsins, eða a.m.k. að koma að athugasemdum.

SFF benda á að í greinargerð með frumvarpinu er ekki tekið skýrlega fram að með setningu ákvæðis um meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum sé ekki verið að leggja til neina breytingu á reglum um grundvöll ábyrgðar vinnuveitanda eða annars aðila sem kann að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem starfsmaður verður fyrir í starfi sínu. SFF telja æskilegt að fram komi í lögskýringargögnum svohljóðandi athugasemd: „Til að taka af hugsanlegan vafa er með þessu frumvarpi ekki verið að leggja hlutlæga bótaábyrgð á vinnuveitendur eða aðra sem bera ábyrgð á líkamstjóni starfsmanns, heldur er eingöngu verið að mæla fyrir um reglur um meðábyrgð starfsmanns þegar ábyrgð vinnuveitenda eða annars aðila liggur fyrir.“

Virðingarfyllt,
F.h. SFF,



Helga Jónsdóttir hdl.